

Mál nr. 237/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar A

Krafa um bætur úr kaskótryggingu bifreiðar vegna tjóns þ. 21.6.2008.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 5.11.2008.
2. Bréf V dags. 22.10.2008.
3. Lögregluskýrsla dags. 29.6.2008.

Málsatvik.

Sonur eiganda A tók lykla bifreiðarinnar og ók henni síðan með þeim afleiðingum að hann keyrði á tvær kyrrstæðar bifreiðar og olli tjóni á kyrrstæðu bifreiðunum og A. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að um sé að ræða 15 ára ungling sem taki bifreið föður síns en varúðarreglum hafi ekki verið sinnt þar sem lyklar bifreiðarinnar hafi ekki verið geymdir á ábyggilegum stað þar sem óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang. Þá segir V að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða hjá syni M við akstur A.

Álit.

Ekki er á það fallist að M hafi brotið varúðarreglur við geymslu lykla A. Þess er ekki krafist að lyklar bifreiða séu geymdir í læstum hirslum þar sem annað heimilisfólk en eigandi bifreiðar kemst ekki að. Almennt verður að telja að varúðarreglum um vörslur sé framfylgt ef lyklar eru geymdir á heimili viðkomandi bifreiðaeigenda nema sérstakar aðstæður kalli á öruggar vörslur en um það var ekki að ræða í þessu tilviki miðað við gögn málsins. M á því rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna tjóns á A.

Reykjavík 9.12 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.